

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/1999**

**frá 30. september 1999**

**um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/1999 frá 25. júní 1999<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, 1999/C 30/01 frá 25. janúar 1999 um opinberan útvarpsrekstur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 3. lið (tilmæli ráðsins 98/560/EB) í X. viðauka við samninginn.

„4. **499 Y 0205(01)**: Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, 1999/C 30/01 frá 25. janúar 1999 um opinberan útvarpsrekstur (Stjtið. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls.39 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 99.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, 1999/C 30/01, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*